



Reykjavík, 1. nóvember 2018.

## SÝN - Lækkun EBITDA spár fyrir árið 2018

Í ljósi bráðabirgðatalna þriðja ársfjórðungs sem liggja nú fyrir í drögum, og nýrrar spár fyrirtækisins um fjórða fjórðung, er útlit fyrir að EBITDA Sýnar verði undir uppgefnum horfum félagsins sem voru um neðri mörk núverandi horfa (4.000m af grunnrekstri). Drög árshlutauppgjör þriðja fjórðungs skilar EBITDA upp á 1.032m.kr. sem er 21% aukning frá sama fjórðungi á síðasta ári. Þrátt fyrir þennan vöxt í EBITDA er fjórðungurinn undir væntingum einkum vegna verkefna sem tengjast sameiningu kerfa, flutnings starfsmanna og eininga, sem hafa bæði í för með sér álag og í sumum tilvikum truflun á starfsemi. Nú er ljóst að samspil áframhaldandi stórra samrunaverkefna, eins og tilfærslu myndvera á Suðurlandsbraut á fjórða fjórðungi, auk áhrifa af veikingu íslensku krónunnar að undanfögnu mun hafa neikvæð áhrif á horfur félagsins á þeim fjórðungi.

Endanlegur árshlutareikningur vegna þriðja fjórðungs 2018 verður birtur eftir lokun markaða þann 7. nóvember nk.

Samkvæmt nýjum innri horfum Sýnar fyrir 2018 er gert ráð fyrir um 3.600 m.kr. EBITDA af grunnrekstri, miðað við 150 m.kr. skilgreinda einskisliði sem féllu aðallega til á fyrri hluta ársins í tengslum við kaup félagsins á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla.

Sameining félagsins hefur einnig reynst fjárfestingarfrekari en búist var við. Vegna flutninga og fjárfestingar í tengslum við myndver félagsins sem mun eiga sér stað nú um áramótin er ljóst að hækka verður fjárfestingarhorfur ársins sem hlutfall af veltu í um 11%, en félagið hafði áður lýst því yfir að það yrði við efri mörk útgefna horfa eða 10%.

Almennt má segja að breytingar á horfum ársins séu tengdar meiri kostnaði og fjárfestingum í tengslum við sameininguna en upprunalegar áætlanir gerðu ráð fyrir, auk nýtilkominnar veikingar íslensku krónunnar.

Mikill árangur hefur hins vegar náðst í samþættingu á stuttum tíma sem mun skila félaginu samlegð og ábata í framtíðinni eins og að hluta til er farið að gæta í niðurstöðu þriðja fjórðungs. Samlegð er á áætlun en kostnaður við samrunaverkefni og álag innan fyrirtækisins er meira en búist var við.

Stjórnendur telja ekki forsendur til að breyta áður útgefnum horfum árána 2019 og 2020 enda margar aðgerðir í gangi sem munu hafa áhrif á niðurstöðuna auk ytri óvissupátta eins og komandi kjarasamninga og gengisþróun.



Nánar verður farið yfir uppfærðar afkomuhorfur félagsins og árshlutareikning á afkomufundi í höfuðstöðvum Sýnar þann 8. nóvember nk.

Samandregið um nýjar horfur núverandi samstæðu\*:

|                            |                               |
|----------------------------|-------------------------------|
| EBITDA 2018                | Um 3.600m.kr. af grunnrekstri |
| Fjárfestingarhlutfall 2018 | Um 11%                        |
| EBITDA 2019**              | 4.600m – 5.000m               |
| Fjárfestingarhlutfall 2019 | 8-9%                          |
| EBITDA 2020**              | Yfir 5ma                      |
| Fjárfestingahlutfall 2020  | Um 8%                         |

\*Núverandi staða gjaldmiðla er notuð til grundvallar í horfum félagsins fyrir 2018 og 2019.

\*\* Ofangreindar horfur eru miðað við núverandi samstæðu með Hey í Færeyjum. Tilkynnt hefur verið að samkomulag hafi náðst um helstu skilmála sameiningar Hey í Færeyjum og Nema sem myndi færa eignarhlut Sýnar í félaginu í 49,9% en þar af leiðandi yrðu Færeyjar ekki lengur hluti af samstæðu Sýnar heldur yrðu færð með hlutdeildaraðferð. Viðskiptin eru háð hefðbundnum fyrirvörum en verði af þeim verður til samræmis breyting á samstæðu Sýnar. EBITDA Hey í útgefnum 2019 horfum nema um um DKK 14m eða um ISK 258m.kr. miðað við núverandi gengi. Áhrif á horfur um CAPEX hlutfall yrðu hins vegar engin og áhrif á frjálst fjárflæði samstæðu óveruleg.

#### Frekari upplýsingar og aðstoð:

- ✓ Guðfinnur Sigurvinsson, samskiptastjóri Sýnar, í gegnum netfangið [fjarfestatengsl@syn.is](mailto:fjarfestatengsl@syn.is) eða í síma 669-9330.